

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 21/97  
frá 2. maí 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður  
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á  
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 68/95 frá 15. desember 1995<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/95 frá 26. júní 1995 um breytingu á  
I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um  
sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr  
dýraríkinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1442/95 frá 26. júní 1995 um breytingu á  
I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir  
um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr  
dýraríkinu<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1798/95 frá 25. júlí 1995 um breytingu á  
IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um  
sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr  
dýraríkinu<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 57, 7. 3. 1996, bls. 33 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 11, 7. 3. 1996, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 26.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 174, 26. 7. 1995, bls. 20.

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- 395 R 1441: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/95 frá 26. júní 1995 (Stjtið. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 22).
- 395 R 1442: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1442/95 frá 26. júní 1995 (Stjtið. EB nr. L 143, 27. 6. 1995, bls. 26).
- 395 R 1798: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1798/95 frá 25. júlí 1995 (Stjtið. EB nr. L 174, 26. 7. 1995, bls. 20).”.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/95, 1442/95 og 1798/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 2. maí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

C. Day

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

